

Sp. 41. Tillaga til þingsályktunar [40. mál]
um þjóðaratkvæðagreiðslu um samkomustað Alþingis.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta samtímis sveitarstjórnarkosningum árið 1966 fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um það, hvort stefna skuli að því, að Alþingi verði háð á Þingvöllum.

Greinargerð.

Alþingi Íslendinga var háð á Þingvöllum við Öxará frá 930 til 1798, að báðum árum meðtöldum, eða hátt á niunda hundrað ára. En þá, um aldamótin 1800, var „lögréttuhúsið rífið og burtu flutt, selt á uppboði 31. maí 1805 fyrir 35 ríkisdali“, svo segir í VII. bindi Íslendingasögu.

Á árunum 1799 og 1800 var þingið háð í Hólavallaskóla í Reykjavík, en þegar sól 19. aldar rann upp, var Alþingi „horfið á braut“ af Íslandi, eins og skáldið Jónas kvað.

Svo liðu 40 ár. Þá var það hinn 20. maí 1840, að Kristján konungur VIII gaf út að áeggjan íslenzkra manna tilskipan þess efnis, að hin svokallaða embættismannanefnd á Íslandi skyldi „ráðgast um á sumri komanda, hvort ekki muni vel til fallið að stofna ráðgjafarþing á Íslandi og láta þar eiga setu menn þá, er landsmenn hafa sjálfir til kjörið, svo marga, sem þurfa þykir, auk nokkurra þeirra manna, er mesta hafa þar sýslu fyrir vora hönd og vér munum sjálfir til nefna. Það mál skulu þeir íhuga, hvað oft menn skuli til þings koma. — — — Enn eiga þeir sér í lagi að því hyggja, hvort ekki sé réttast að nefna fulltrúaþingið Alþing og halda það á Þingvöllum, eins og Alþingi hið forna, og laga það eftir því svo mikið, sem verða má — — —“.

Í embættismannanefndinni áttu 10 embættismenn sæti, stiftamtmaður, sem var danskur, landfógeti, amtmenn tveir, biskup, dómstjóri landsyfirrættar, þrír sýslumenn og einn prófastur. Nefndin mælti árið 1841 með endurreisn Alþingis, en um þingstaðinn varð ekki samkomulag. Fimm nefndarmenn mæltu með Reykjavík. Aðrir fimm mæltu með því, að þingið kæmi saman í Reykjavík í fyrsta sinn og ákvæði síðan sjálft þingstaðinn. Síðari tillagan var samkomulagstillaga 5 nefndarmanna. En tveir þeirra voru því eindregið fylgjandi í nefndinni, að þingið yrði háð á hinum forna þingstað. Annar þessara tveggja var þjóðskáldið Bjarni Thorarensen, amtmaður á Möðruvöllum. Hinn var Jón Jónsson á Melum, sýslumaður Stranda-
manna.

Sú varð niðurstaðan, að hið endurreista Alþingi skyldi háð í Reykjavík, og kom það saman í fyrsta sinn árið 1845. En mjög voru skoðanir skiptar um þetta mál. Í greinargerð þeirra Bjarna Thorarensens og Jóns á Melum segir svo: „Þjóðin æskir þess, að Alþingið verði á Þingvöllum, og það er aðeins við fortölur orðið, að einstakir menn eru komnir á annað mál.“ Réttmæti þessara ummæla um þjóðarvilja á þeirri tíð staðfestir dr. Páll E. Ólason í ævisögu Jóns Sigurðssonar og kveðst þá styðjast við mikinn fjölda sendibréfa, er geymzt hafa. Nokkur áhrif kann það að hafa haft á úrslit, að tveir harðfýlgnustu talsmenn Þingvalla, þeir Bjarni Thorarensen og Tómas Sæmundsson, féllu frá sama árið og embættismannafundurinn var haldinn, og var Tómas látinn fyrir fundinn. Til þess hefur oft verið vitnað, að Jón Sigurðsson hafi verið því fylgjandi, að þingið yrði háð í Reykjavík, og er það rétt. Greinar Tómasar og Jóns um málið birtust á prenti, og voru þeir ósamála. Eigi að síður komst Jón svo að orði í II. árg. Nýrra félagsrita:

„Ég hefði tekið það sem merki til þjóðaranda og þjóðarkjarks, ef alþýða hefði almennt tekið sig fram um að beiðast þess, að Alþingi væri sett á Þingvelli, og ekki horft í kostnað þann og ónáði, sem þar við hefði aukizt.“

Það virðist koma glögg fram, hvers vegna Jón Sigurðsson vildi gera Reykjavík að þingstað. Hann taldi Íslendingum nauðsyn að eignast höfuðstað og vildi stuðla að því m. a. með því að láta þingið hafa aðsetur á þeim stað. „Til þvilíks staðar virðist mér Reykjavík allvel fallin,“ segir hann. Í Reykjavík voru þá ekki nema um 900 íbúar, og margir þeir, er þar máttu sín einhvers, voru útlendir menn. Til þess þurfti vissulega átak, að hún gæti orðið viðunandi höfuðstaður Íslendinga, svo fámenn sem hún þá var og fátækleg. Eins og nú er ástatt á Íslandi, munu margir telja, að þessi 120 ára gamla jákvæða röksemd Jóns Sigurðssonar sé úrelt orðin vegna byggðapróunarinnar í landinu. Þá er hitt ekki síður úrelt orðið, sem um 1840 var fært fram gegn þinghaldi á Þingvöllum t. d., að það tæki 2 daga að fara fram og aftur milli Reykjavíkur og Þingvalla og að þingmenn yrðu að lifa á skrinukosti þar eystra.

Er líða tók að 1000 ára afmæli Alþingis (1930), kom í ljós, að áhugi á því að heyja þingið á Þingvöllum við Öxará var enn vakandi hér á landi. Ýmsir gerðust þá til að rita um málið í blöð eða tímarit. Einn af þáverandi þingmönnum höfuðstaðarins (Magnús Jónsson prófessor) skrifaði árið 1923:

„Það er nokkurs konar prófsteinn á þjóðina, hvenær hún er orðin fullvaxin

og veit, hver hún er, að þá flytur hún Alþingi á Þingvöll við Öxará. Annars staðar getur það ekki átt heima.“

Þá minntust menn þess einnig, að þjóðin hafði aldrei átt þess kost að ráða sjálf þingstað sínum og að álits hennar hafði ekki verið leitað. Og á Alþingi 1925 fluttu þrír þingmenn (Sveinn Ólafsson, Ásgeir Ásgeirsson og Benedikt Sveinsson) í neðri deild svo hljóðandi tillögu til þingsályktunar:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram þjóðar- atkvæðagreiðslu á sumri komanda, jafnhliða landskjörinu, um það, hvort samkomu- staður Alþingis skuli vera á Þingvöllum við Öxará frá 1930. Skal við atkvæða- greiðsluna farið eftir nýjum kjörskráum til alþingiskosninga fyrir sérstök kjör- dæmi.“

Þessi tillaga var felld með litlum atkvæðamun. Með henni voru greidd í Nd. 12 atkvæði, en 14 á móti. Árið 1929 var svipuð tillaga aftur flutt í Nd., þá af 10 þingmönnum, og enn árið 1930, þá af 9 þingmönnum. Í þessi tvö skipti varð hún ekki útrædd. En árið 1929 bárust þinginu áskoranir frá mörgum ungmennafélögum og ungmannasamböndum um að láta þjóðaratkvæðagreiðsluna fara fram. Eftir alþingishátíðina féll málið niður um sinn.

Á það var bent í umræðum á Alþingi 1926—30, að oft, þegar mikils hefði þótt við þurfa í sjálfstæðisbaráttunni, hefðu þeir, er þar voru á oddi, túlkað hug þjóðar- innar til Þingvalla með því að boða þar — en ekki í höfuðstaðnum — til fulltrúa- funda, er sóttir voru hvaðanæva af landinu. Nú eftir 35 ár mætti bæta því við, að árið 1944 þótti öllum það eitt hlýða, að yfirlýsingin um stofnun lýðveldisins væri birt á hinum forna þingstað.

Ásgeir Ásgeirsson sagði í umræðunum á Alþingi 1926:

„Þingvellir eru einstakur staður, og ég skil ekki þá þjóð, sem ekki vill nota sér þá fágætu eign til að halda erfikenningum í þingmálum og stjórnámálum betur vakandi en nú — — — það er sagan, sem heimtar, að Alþingi verði háð á Þing- völlum.“

Eins og kunnugt er, var það eitt af stefnumálum Fjölnismanna, að endurreisa skyldi Alþingi á Þingvöllum. Jónas Hallgrímsson mælti fyrir þessari stefnu í ljóði, sem ekki gleymist, meðan íslensk tunga er töluð: „Ísland farsælda frón“. Vel færi á því, að komandi kynslóð auðnaðist að minnast tveggja alda afmælis „listaskáldsins góða“ í þinghöll framtíðarinnar við Öxará.

Hér er þó ekki farið fram á það, að Alþingi taki nú ákvörðun um flutning Alþingis til Þingvalla. Aðeins er hér lagt til, eins og fyrir 3—4 áratugum, að þjóð- inni verði leyft að greiða atkvæði um stefnuna í þessu máli, láta í ljós álit sitt á lýðræðislegan hátt. Þótt ákveðið yrði að stefna að því, að Alþingi verði háð á Þingvöllum, má vissulega gera ráð fyrir, að á því geti orðið nokkur hið, því að þar er margs að gæta og það skal vel vanda, sem lengi á að standa. En einmitt nú stendur svo á, að ekki mun verða hjá því komizt að auka á einhvern hátt hús- rými það, er þingið hefur til umráða. Þetta er hægt að gera á ýmsan hátt, til bráða- birgða eða til langrar frambúðar. Af þessari ástæðu meðal annars er nú fullkomlega tímabært að gera það upp við sig, hvort stefna skuli að því eða ekki, að þingið starfi á hinum forna helgistað sínum á komandi tímum. Og þetta mál er þess eðlis, að ekki fer vel á því, að þingmenn ráði því til lykta án þess að vita vilja þjóðarinnar — eða geri kostnaðarsamar ráðstafanir, sem kynnu að gera þjóðinni eða þjóðfull- trúum síðari tíma erfitt fyrir að framkvæma þá hugsjón, sem hér er um að ræða. Vel fer á því, að alþingismenn, sem telja skynsamlegt að flytja sumar ríkisstofnanir burt úr höfuðborginni, eins og nú er víða rætt erlendis, tjái sig sjálfir reiðubúna til að gefa fordæmi á sínu sviði.

Þegar litið er á hina öru þróun í samgöngumálum og annars staðar á sviði tækninnar, verður að teljast ákaflega ósennilegt, að það þurfi að hafa í för með sér meiri háttar erfiðleika eða kostnað fyrir þjóðfélagið eða fulltrúa þess og emb-

ættismenn á komandi tímum, að Alþingi starfi á Þingvöllum. Aðstaðan til þess er þegar gerbreytt og á eftir að breytast enn meir. En atburðir liðinna alda breytast ekki eða sú söguhelgi og sá þjóðernis-, sjálfstæðis- og menningarmáttur, sem við þá er tengt. Margt þarf þó ihugunar við í þessu sambandi, og gert er ráð fyrir, að rúmur tími verði til ihugunar og umræðu manna á meðal um þessi mál, áður en þjóðaratkvæðagreiðslan fer fram.

Þess skal að lokum getið, að stjórnskipuð nefnd, sem fjallaði um staðsetningu ríkisstofnana, gerði það að tillögu sinni haustið 1962, að þjóðaratkvæðagreiðsla sú, sem hér er um að ræða, yrði látin fara fram. En flutningsmenn þessarar þings-ályktunartillögu áttu sæti í þessari nefnd og vilja nú beita sér fyrir því, að málið verði tekið til meðferðar á Alþingi, á þann hátt, sem hér er lagt til.

Eftir 9 ár eru ellefu aldir síðan fyrsti landnámsmaðurinn tók sér fastan bústað á Íslandi. Vel gæti farið á því, að þá flyttist Alþingi aftur á hinn fornhelga stað Þingvelli, ef þjóðin hefði með atkvæðagreiðslu sýnt meirihlutavilja fyrir því, að þar ætti Alþingi að starfa.